

EYD-212

Heiti: Efnisval	Númer: 15	Flokkun: B	Dagsetning: 23.11.2007
-----------------	-----------	------------	------------------------

#### Lýsing á umhverfisþætti:

Við hönnun og byggingu mannvirkja eru teknar ákvarðanir um hvaða efni skuli notuð í mannvirkið. Sú ákvörðun hefur jafnframt áhrif á notkun efna til viðhalds á rekstartíma mannvirkisins. Til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif hinna ýmsu efna sem notuð eru þarf að meta efnisnotkun út frá heildar vistferli mannvirkisins, þ.e. öll stig vistferilsins skipta máli.

Við efnisval hjá Landsvirkjun er sérstaklega horft til þess að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda og takmarka notkun auðlinda sem ekki eru endurnýjanlegar. Einnig er leitast við að takmarka notkun eiturefna og hættulegra efna og algjört bann er lagt við notkun ákveðinna efna sem eru á svokölluðum "bannlista" hjá Landsvirkjun. Þetta eru efni sem eru mjög skaðleg heilsu manna eða umhverfi.

#### Umhverfisáhrif:

Losun gróðurhúsalofttegunda veldur auknum gróðurhúsaáhrifum. Öll notkun takmarkaðra auðlinda veldur því að gengið er á endanlegar birgðar jarðar af viðkomandi auðlind sem þannig verða ekki tiltækar fyrir komandi kynslóðir. Efni sem eru á bannlista Landsvirkjunar eru efni sem talin eru vera mjög skaðleg umhverfinu, bæði lífríki og vistkerfum sem og heilsu manna. Efnin geta allt eftir tegund haft hnattræn og eða staðbundin umhverfisáhrif.

#### Umhverfisáhætta:

Ekki er talin bráð umhverfisáhætta af losun gróðurhúsalofttegunda eða notkun takmarkaðra auðlinda. Hins vegar eru langtíma áhrifin mest. Ef hins vegar efni á bannlista Landsvirkjunar komast út í umhverfið fyrir slysi geta þau valdið umtalsverðum skaða. Einnig geta efnin valdið hættu ef þau losna stöðugt út í umhverfið þó í litlu magni sé.

#### Fyrirbyggjandi stýring:

Í öllum verkefnum Landsvirkjunar sem lúta að hönnun og framkvæmdum þarf að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda og auka notkun endurnýjanlegra auðlinda.

Á athafnasvæði Landsvirkjunar má ekki nota efni sem eru á bannlista yfir eiturefni og hættuleg efni. Gefnar eru út sérstakar leiðbeiningar um innkaup og val á þjónustu þar sem fjallað er um efnisval. Þar er m.a. lögð áhersla á að:

- Auka nýtingu þeirra efna sem notuð eru,
- Nota endurnýjanlegar auðlindir og orku,
- Nota efni sem hægt er að endurnýta eða endurvinnna,
- Velja umhverfisvottaðar vörur, og þjónustu.
- Nota slitsterk og endingargóð efni

#### Vöktun:

Engin að svo stöddu.

**Ástæða flokkunar:**

Efnisval er flokkað sem B umhverfis þáttur. Þjóðarmarkmið hafa verið sett um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og að við framkvæmdir sem raska og breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.

Þá hafa einnig verið sett þjóðarmarkmið um að notkun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna og umhverfis og eins að losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt innan aldarfjórðungs.